

Fundargerð

Fundur í Stjórn fólkvangsins á Teigarhorni haldinn miðvikud. 12. des. kl 12:00

Fundarstaður – Fjólán Umhverfisstofnun Suðurlandsbraut 20

Mættir. Andrés Skúlason – Ólafur A. Jónsson - Kristján Jónasson og Guðmundur Lúther Hafsteinsson

Dagskrá.

1. Stefnumarkandi landsáætlun um uppbyggingu innviða til verndar náttúru og menningarsögulegum minjum. Verkefnaáætlun.

Landáætlun til umræðu - farið yfir þær áherslur sem stjórn telur rétt að leggja til er varðar stuðning verkefnisins við svæðið á ýmsum sviðum er varðar nánari hönnun og framkvæmdir. Stjórn m.a. sammála um að leggja áherslu á að ljúka hönnun aðkomuleiða sem og hönnun á nýju þjónustuhúsi þar sem lögð væri áhersla á að áfangaskipta verkefninu. Áhersla lögð á að í fyrsta áfanga væri lagt upp með að hanna og framkvæma salernisaðstöðu og þjónustumiðstöð þar sem fyrsti áfangi framkvæmda væri aðstaða fyrir móttöku gesta inn á svæðið. Þá var einnig lögð áhersla á stuðning vegna viðbyggingar Weyvadts húss þ.e. ljósmyndahúss Nícoline Weyvadts og fl. Einnig rætt um hverjir ættu að vera umsóknaraðilar inn í landsáætlun varðandi einstök verk sem liggja fyrir.

Ákveðið undir þessum lið að í ljósi þess að Andrés á fund í umhverfis- og auðlindaráðuneyti á komandi föstudag að hann upplýsi stjórn í framhaldi af þeim fundi nánar um stöðu Landsáætlunar gagnvart svæðinu sem og afstöðu fulltrúa UAR til þeirra sértæku framkvæmdaverkefna sem stjórn hefur uppi er varðar framtíðaráform og uppbyggingu á Teigarhorni.

2. Efnistöknáumur í landi Teigarhorns – svæði með verndargildi

Á grunni úttektar Kristjáns Jónassonar hjá Náttúrufræðistofnun á námusvæðum er það mat stjórnar að loka beri námum merktum 30 (Skollabotn) og námu 31 við árósa Búlandsár í nágildandi aðalskipulagi. Stjórn leggur til að við gerð endurskoðunar Aðalskipulags Djúpavogshrepps fyrir árið 2020 verði viðkomandi námur teknar út af uppdráttum á grunni rannsóknar og verndargildis svæðisins. Jafnhliða rætt um að sú afmörkun sem þegar hefur verið dregin upp af rannsóknarsvæðinu, þ.e. hinum fornu strandlínunum verði gerð skil m.a. með uppsetningu skilta í nágrenni enda hafi svæði ótvírætt fræðslugildi.

Þá kastaði Andrés upp á glærum nýju efnistökusvæði til að mæta ætlaðri efnispörf – staðsetning við svokallaðar Valvallarskriður. Tillaga að nýju námusvæði hefur þegar verið borin undir Reynir Gunnarsson hjá starfstöð vegagerðar á Höfn sem list vel á hugmyndina. Fyrirhugað námusvæði hefði m.a. að geyma burðarlagsefni sem myndi mæta efnistökuþörf á fyrirhuguðu vegstæði við Búlandsá og ofan bæjarins á Teigarhorni þegar ráðist verður í framkvæmdir við vegfærslu á þjóðvegi. Stjórnin leggur til að kannaður verði möguleiki á að taka efni norðan við núverandi pípuhlið innan við Búlandsá í landi Urðarteigs og þá yrði efnistökusvæði fyrst og fremst kannað neðan vegar. Huga þarf vel að því að möguleg efnistaka á þessu svæði spilli ekki verulega ásynd Búlandstinds. Hér er því formlega farið þess á leit að skipulagsnefnd Djúpavogshrepps taki jákvæða afstöðu til lokana fyrrgreindra náma og kalli eftir breytingum á skipulagi til samræmis sem hér hefur komið fram.

3. Orkufjarskipti – Þórður Bergsson tölvubrэф dags. 28.nóv. 2018

Í bréfinu er þess farið á leit við stjórn fólkvangsins endurskoði tillögu sína að legu ljósleiðarastengs aftur til þess sem Orkufjarskipti hafði lagt til. Tilgreint rök Orkufjarskipta í fyrirbyggjandi bréfi eru ekki talin til þess fallin amk að svo stöddu að þau gefi tilefni tið að stjórn breyti afstöðu sinni. Stjórnin getur ekki tekið undir tillögur Orkufjarskipta um legu ljósleiðarastengsins, en rétt er að fram komi að ekki hafði tekist að koma á fundi milli fulltrúa stjórnar fólkvangsins og Orkufjarskipta sem farið hafði verið fram á vegna málsins, en fulltrúar Orkufjarskipta áttu þess ekki kost að mæta á þeim tímum sem voru í boði.

Fundarritun Andrés Skúlason

Fundi slitið 15:00